

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 3. febrúar 2017 var haldinn 259. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11.05. Mætt voru Heidi Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Kristinn Andersen, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Leiðarkerfisbreytingar
2. Fyrir fundinum lágu minnisblöð frá Strætó um leiðarkerfisbreytingar í Kópavogi, leið 21, leið 6 og 31, akstur á Hverfisgötu og nætur- og kvöldakstur sem hafa verið í umræðu hjá stjórn Strætó og inni í aðildarsveitarfélögunum.
3. Stjórn leggur áherslu á að ef framkvæma á leiðarkerfisbreytingar næsta vor þurfa allar breytingar að liggja fyrir samþykktar af viðkomandi sveitarfélögum á næsta stjórnarfundum, þann 17. febrúar nk. Jafnframt fól stjórn framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað til aðildarsveitarfélaganna með upplýsingum um breytingarnar.
4. Rekstrarúttekt, staðan
Umræða í kjölfar eigendafundar Strætó bs. 23. janúar sl. þar sem stjórn og handhafar eigendavalds fóru sameiginlega yfir niðurstöður úr greiningarvinnu Framsækni ehf, og ákvörðun var tekin um vinnu og vinnulag stjórnar og framkvæmdastjóra vegna innleiðingar á fyrirliggjandi tillögum um mögulega hagræðingu og lækkun kostnaðar í rekstri byggðasamlagsins.
Framkvæmdastjóri fór yfir samantekt aðgerða sem framkvæmdar hafa verið frá byrjun árs 2016 og þann árangur sem náðst hefur í rekstri Strætó síðan þá.
5. Húsnæðismál
Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, mætti til fundar við stjórn til viðræðna um húsnæðismál. Farið var yfir húsnæðismál Strætó í Mjódd og Hesthálsi, en húsnæði á Hesthálsi er leigt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg er að leita að húsnæði fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvar í Breiðholti og gæti húsnæði Strætó í Mjódd komið til greina undir þá starfsemi.
6. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna að málinu fyrir hönd fyrirtækisins í samræmi við umræður á fundinum.
7. Vetnisumsókn
Fyrir fundinum lágu drög að umsókn til ESB um að Strætó verði þátttakandi í prófunum á vetnisstrætisvögnum. Umræður urðu um málið og var framkvæmdastjóra falið að tilkynna að stjórn Strætó er jákvæð fyrir þátttöku í tilraun á vetnisvögnum en getur þó ekki á neinn hátt skuldbundið Strætó bs. fjárhagslega í þessu verkefni.
8. Niðurstaða vagnakaupaútbóðs
Framhald umræðu frá síðasta fundi. Guðmundur Siemsen, lögmaður frá Advel, mætti til fundar við stjórn og reifaði málið í framhaldi af ályktun síðasta stjórnarfundar.
Þann 14. desember 2016 var haldin opnunarfundur vegna endurnýjunar strætisvagna, EES samningskaup nr. 13002, Örutboð nr. III. Tilboð bárust frá eftirtöldum þátttakendum:
 - Yutong Eurobus ehf. (YUTONG)
 - Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. (VDL)
 - BL ehf. (IVECO)
 - Klettur sala og þjónusta ehf.

Valnefnd hefur yfirfarið og metið tilboð í samræmi við kafla 0.3 „Meðferð og mat á tilboðum“ í örutboðsgögnum nr. III, dags. í nóvember 2016.

Valnefnd skipa: Ásgeir Ásgeirsson, Eyþóra Geirsdóttir, Hafliði Richard Jónsson og Ingvar Hjaltalín Jóhannesson.

Eftirfarandi er niðurstaða eftir yfirferð:

Bjóðandi		Líft. kostn. (70%)	Líft. kostn. (70%)	Stigagjöf heild
		Opnunarfundur	Leiðrétt	
Yutong Eurobus ehf.	Tilb. 1	87.621.153	85.560.535	91,95
Hóp bifreiðar Kynnisferða ehf.	Tilb. 1	94.867.981	94.867.981	78,89
Hóp bifreiðar Kynnisferða ehf.	Tilb. 2	152.410.420	136.520.900	63,64
BL ehf.	Tilb. 1	85.501.389	85.501.389	87,60
Klettur sala og þjónusta ehf.	Tilb. 1	103.950.949	108.324.549	85,25
Klettur sala og þjónusta ehf.	Tilb. 2	89.018.652	Ógilt tilboð	-

Tilboð frá Yutong Eurobus ehf. fékk flest stig, eða samtals 91,95 stig af 100 mögulegum. Boðið kaupverð Yutong Eurobus ehf. fyrir einn strætisvagn er kr. 59.982.300,-.

Með vísan til greinar 0.3 „Meðferð og mat á tilboðum“ í örútbóðsgögnum nr. III, dags. í nóvember 2016, leggur valnefnd til við stjórn Strætó bs. að taka tilboði Yutong Eurobus ehf. í strætisvagna, þar sem það tilboð frá Yutong Eurobus ehf. hlaut hæstu einkunn við mat á tilboðum sbr. grein 0.3.2 í fyrrgreindum örútbóðsgögnum.

Stjórn samþykkir tillögu valnefndar.

Bent er á að 10 dagar munu líða frá því ákvörðun þessi er tilkynnt bjóðendum þar til tilboð frá Yutong Eurobus ehf. telst endanlega samþykkt. Að þeim tíma liðnum verður önnur tilkynning send til allra rammisamningshafa þar sem fram kemur að ofangreind ákvörðun hafi verið endanlega samþykkt.

Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri ganga til samninga við Yutong Eurobus ehf., sbr. samþykkt stjórnar

**Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 13.20.**

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sverrir Óskarsson

Bryndís Haraldsdóttir
Kristinn Anderssen